

REYKJANESBRAUT milli Fífuhvammsvegur og Kaplakrika



VERKSVIÐ VERKÍS

Verkis kom að nær öllum þáttum hönnunar Reykjanesbrautar milli Fífuhvammsvegur og Kaplakrika. Meðal verkþátta voru:

- Vega- og stígahönnun
- Hönnun þriggja mislægra gatnamóta
- Brúarhönnun
- Hönnun undirganga
- Hönnun regnvatnslagna
- Umferðarspár
- Umferðarhermun
- Jarðvegs- og straumfræðiathuganir
- Hönnun hljóðvarna
- Hönnun veglýsingar
- Gerð útboðs- og verklýsinga

LÝSING

Um var að ræða forhönnun og verkhönnun fyrir tvöföldun þjóðvegur nr. 41, Reykjanesbraut milli Fífuhvammsvegur í Kópavogi og Kaplakrika í Hafnarfirði auk tilheyrandi gatnamóta.

Í fyrsta áfanga var Reykjanesbraut tvöfölduð með byggingu nýrrar akbrautar við hlið þeirrar gömlu og gerð gatnamót í plani til bráðabirgða við Arnarnesveg og vífilisstaðaveg. Einnig voru undirgöng fyrir bíla við Hnoðraholt lengd. Samhliða tvöföldum voru gerð mislæg gatnamót við Urriðaholt og síðar mislæg gatnamót við Arnarnesveg og vífilisstaðaveg. Undirgöng fyrir gangandi vegfarendur voru gerð á 4 stöðum, við Bæjargil, við Vífilisstaðaveg og undir Arnarnesveg og Vífilisstaðaveg auk þess sem hannaðir voru stígar sem tengjast stígakerfi bæjarfélaganna.

Gerð var umferðarspá, byggð á uppbyggingaráætlunum í framtíð, og afkastageta vega og gatnamóta metin til að ákvarða hönnunarstærðir.

Farnar voru nýjar leiðir við að velja hagkvæmstu lausn gatnamóta með því að herma umferð í framtíð. Á grundvelli umferðarhermunar var ákveðið að byggja mislægt hringtorg við gatnamótin við Arnarnesveg, hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Hljóðvist var reiknuð með öllum vegum og hljóðvarnir hannaðar, bæði jarðvegsmanir, styrkatar manir með grjótbúrum og hljóðveggir. Miklar kröfur voru gerðar um bættu hljóðvist í samræmi við úrskurð umhverfisráðherra

ALMENNT UM VERKIÐ

Reykjanesbrautin er ein helsta stofnbrautin á höfuðborgarsvæðinu. Hún tengir suðurhluta höfuðborgarsvæðisins við norður og vesturhluta þess ásamt því að tengja Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Suðurnesin við landið allt. Á kaflanum milli Fífuhvammsvegur og Kaplakrika liggur hún um bæði Kópavog og Garðabæ og suður yfir sveitarfélagamörk við Hafnarfjörð. Fyrirhugað er að á næstu árum verði öll gatnamót við Reykjanesbraut orðin mislæg, allt frá fyrirhugaðri Sundabraut til Keflavíkur

TÆKNIUPPLÝSINGAR

Reykjanesbraut:

Lengd vegarkafla: 4.000 m

Fjöldi akreina: 4 auk blöndunarreina

Breidd vegar og axla: 11,5 m

Breidd miðdeilis: 11 m

Mesti langhalli vegar: 3,4 %

Mesti langhalli rampa: 7,0 %

Gatnamót

Á kaflanum eru þrenn mislæg gatnamót, við Arnarnesveg, Vífilisstaðaveg og Urriðaholt.

Jarðvinna:

Skeringar í laus jarðlög: 380 þús. m³

Bergskeringar: 70 þús. m³

Fyllingarefni: 130 þús. m³

Brýr og undirgöng

Steypa: 5.700 m³

Steypustyrktarstál: 600 tonn

Regnvatnslagnir:

Lengd regnvatnslagna 10 km

Umferðarmerki:

Fjöldi almennra merkja: 300 stk

Gatnalýsing

Fjöldi ljósastaura: 400 stk.

Aðrir hönnuðir:

Landslag ehf., Úti og inni og

Vinnustofan Þverá

